

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2014

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands.**

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands á þingskjali 23. Félag atvinnurekenda tekur undir nauðsyn þess að móta viðskiptastefnu sem hafi að markmiði að jafna samkeppnisstöðu íslenzkrar verzlunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð í landinu. Félagið telur að í litlu, opnu hagkerfi sem á jafnmikið undir millirikjaviðskiptum og það íslenska eigi innflutningur að vera sem frjálsastur og sem minnstar hömlur lagðar á hann. Það er hins vegar ekki reyndin.

FA fagnar eindregið þeim áformum sem fram koma í stjórnarfrumvarpi um afnám vörugjalda og breytingu á virðisaukaskattskerfinu, að afnema vörugjöld. Vörugjöldin eru ranglát og tilviljanakennd skattheimta, sem mismunar vöruflokkum og atvinnugreinum og skekkir verðmyndun. Afnám þeirra er jafnt verzluninni í landinu og neytendum til hagsbóta og mun vafalaust stuðla að því að til dæmis verzlun með ýmis raftæki færir í auknum mæli inn í landið og skapar störf og veltu innanlands og þar með tekjur fyrir ríkissjóð.

Félagið telur að þótt afnám vörugjaldanna sé stór áfangi eigi að ganga lengra og draga verulega úr þeirri vernd innlendrar framleiðslu sem felst í álagningu hárra tolla. Þetta á fyrst og fremst við um landbúnaðarafurðir. FA tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni, að viðleitni til að semja um gagnkvæmar tollaívilnanir í alþjóðasamningum á ekki að girða fyrir að íslensk stjórnvöld lækki álögur einhliða og án gagnkvæmra ívilnana.


Ýmsar landbúnaðarafurðir eru fluttar hingað til lands án teljandi tolla vegna þess að þær eru ekki í samkeppni við neina innlenda framleiðslu. Þetta á við um til dæmis ýmsa ávexti og grænmeti, kornvöru, hrísgrjón, pasta, te, kaffi, matarolíur og fleira. Engu að síður eru lagðir tollar á margar vörur sem engin framleiðsla er á innanlands. Þar má nefna osta úr annarri mjólk en kúamjólk, kjöt af skepnum sem aldrei hafa þrífst á Íslandi, lífrænar afurðir sem ekkert framboð er á innanlands og þannig mætti áfram telja. Með þessum innflutningshömlum er ekki verið að vernda hefðbundinn, innlendan landbúnað nema þá hugsanlega að því marki að dregið er úr hvata til nýsköpunar og vöruþróunar hjá innlendum framleiðendum af því að samkeppninni er haldið úti með háum tollum.

Brýn þörf er á að endurskoða fyrirkomulag tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir í heild og draga verulega úr tollverndinni þannig að innlendir landbúnaður fái sanngjarna, erlenda samkeppni. Félag atvinnurekenda mun á næstunni leggja fram tillögur í því efni, sem félagið telur að myndu

nýtast við þá stefnumótun sem lögð er til í þingsályktunartillögunni. Ekki er einvörðungu nauðsynlegt að lækka tollana, heldur þarf að breyta aðferðum við úthlutun tollkvóta, sem hafa reynzt einkar íþyngjandi fyrir innflytjendur. Uppboð á tollkvótunum hefur unnið gegn verðlækkun innfluttu vörunnar.

Félag atvinnurekenda mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar en áskilur sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
Félag atvinnurekenda

  
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10.  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2014

### **Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands, 23. mál.**

Í framangreindri tillögu er lagt til að ráðherra verði falið að móta viðskiptastefnu sem hafi það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu innlendarar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur. Í greinargerð með tillögunni er tekið fram að liður í að ná þeim markmiðum sé að endurskoða fyrirkomulag skattamála og jafnframt er tekið undir það að mikilvægt sé að fjölga friverslunarsamningum.

Þar sem tillagan felur í raun ekki í sér efnislegar hugmyndir varðandi það hvernig umrædd viðskiptastefna skuli úr garði gerð er örðugt að gera athugasemdir við einstök atriði sem hugsanlega munu koma til skoðunar við mótun umræddrar stefnu. Áskilja samtökin sér því fullan rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri þegar, og ef, umrædd viðskiptastefna lítur dagsins ljós. Allt að einu telja samtökin þó rétt að ítreka hér stefnu sína þegar kemur að vörukaupum erlendis frá.

Í umræddri tillögu virðist sem hvað mest áhersla sé lögð á fatakaup landsmanna, og taka Neytendasamtökin heils hugar undir það að mikilvægt sé að íslensk verslun búi við sömu aðstæður og verslun í nágrannalöndum og hafi þar með forsendur til selja vörur á sambærilegu verði og gert er þar. Nú er fyrirhugað að vörugjöld verði afnumin um næstu áramót og hlýtur næsta skref vera að lækka og afnema sem flesta tolla, þar á meðal á fatnaði og landbúnaðarvörum.

Neytendasamtökin telja rétt að minna á skýrslu starfshóps um samkeppnisstöðu póstverslunar sem falið var að gera tillögur um lagabreytingar og aðrar ráðstafanir til að skapa póstverslun viðeigandi samkeppnisstöðu til hagsbóta fyrir neytendur og atvinnufyrirtæki. Mikilvægt er að hafa skýrsluna til hliðsjónar við mótun viðskiptastefnu Íslands. Meðal þess sem starfshópurinn lagði til var að erlendum fyrirtækjum, sem selja vörur og senda til landsins, verði heimilt að innheimta og skila virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum af þeim vörum sem seldar eru til landsins en þannig spari neytendur sér greiðslu umsýslukostnaðar, þar sem verð vörunnar og öll gjöld væru þá innheimt í einu lagi. Einnig var lagt til að aðflutningsgjöld af verðlitolu sendingum yrðu felld niður. Að mati samtakanna eykur verslun á netinu möguleika neytenda á að finna lægra verð og meira vöruúrval og hefur þannig jákvæð áhrif á samkeppni innanlands en því miður hefur engum þeirra tillagna sem fram komu í skýrslunni verið hrint í framkvæmd. Að mati Neytendasamtakanna væri það þó afar mikilvægur liður í

viðskiptastefnu að breyta reglum um póstverslun og gera hana einfaldari fyrir neytendur. Ekki síst þar sem svo virðist sem það séu forréttindi hinna efnameiri að versla erlendis, og væri þá ekki úr vegi að verslun við erlenda seljendur gegnum internetið yrði einfölduð til muna og gerð miklu hagkvæmari fyrir neytendur.

Hins vegar er það svo að tiltölulega lítill hluti tekna landsmanna fer í fatakaup, og því virðist fráleitt að ætla að heil viðskiptastefna sé sett eingöngu vegna slíkrar verslunar. Framangreind þingsályktunartillaga virðist þó, eins og áður segir, að miklu miða við fatakaup, og jafnframt „samkeppnisstöðu innlendarar verslunar“. Sé hugmyndin að sett verði viðskiptastefna sem einvörðungu snýr að fatakaupum væri réttara að taka það skýrt fram. Samtökin hafa þó trú á að sú sé í raun ekki ætlunin heldur standi vilji flutningsmanna til að „lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur“ þegar kemur að vöruverði almennt.

Að mati Neytendasamtakanna er þannig mun mikilvægara að endurskoða tolla þegar kemur að innfluttum landbúnaðarafurðum, enda matarkaup mun stærrí útgjaldaliður en fatakaup hjá flestum, ef ekki öllum, heimilum.


Að endingu er því rétt að minna á eftirfarandi áherslur sem samþykktar voru á þingi samtakanna hinn 27. september sl.:

*„Uppræta þarf einokun í mjólkuriðnaði með lækkun eða afnámi tolla á innfluttar mjólkurvörur. Allir tollar á innfluttum ostum sem ekki eru framleiddir hér á landi verði þegar felldir niður. Tollar á öðrum mjólkurvörum verði þegar lækkaðir verulega og síðar afnumdir.*

*Koma þarf í veg fyrir fákeppni í framleiðslu á eggjum og kjúklinga- og svínakjöti m.a. með auknum innflutningi á þessum vörum á lágum eða engum tollum.“*

Með ofangreindum athugasemdum styðja Neytendasamtökin ofangreinda tillögu og hvetja eindregið til samþykktar hennar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Jóhannes Gunnarsson, formaður

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. október 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands, 23. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreinda tillögur til þingsályktunar. Um er að ræða óbreytta tillögu frá því sem lögð var fram á 143. löggjafarþingi (35. mál).

SA vísar til meðfylgjandi umsagnar, dags. 24. október 2013.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins





Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2013

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands

Viðskiptastefnu er ætlað það markmið að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur. Liður í þeim markmiðum er að endurskoða fyrirkomulag skattamála, þ.m.t. tolla og vörugjalda.

Samtök atvinnulífsins telja að mótun viðskiptastefnu geti verið gagnleg hafi hún það að markmiði að draga úr hindrunum á frjálsum viðskiptum milli landa til að auka hagræðingu og efla samkeppni. Í því sambandi verður að horfa til langs tíma og gæta þess að innlend starfsemi sem búið hefur við viðskiptavernd að einhverju tagi fái eðlilega aðlögun gagnvart aukinni samkeppni. Við mótun slíkrar stefnu þarf að kalla helstu hagsmunaaðila til samstarfs.

Tollum á viðskipti milli landa er almennt beint til verndar innlendri framleiðslu sem á í vök að verjast gagnvart sambærilegum innfluttum vörum. Vörugjöld eru af sama toga og eru skattskyldar vörur flokkaðar samkvæmt tollskrárnúmerum en í mörgum tilvikum jafnframt tæki stjórnvalda til að stýra neyslu á tilteknum vörum. Að auki hefur álagning vörugjalda tekið meira mið af tekjuþörf ríkissjóðs en álagning tolla. Vörugjaldskerfið er flókið, ógagnsætt, óskilvirkt og það mismunar og því brýn þörf á að það verði tekið til endurskoðunar.

Tollar eru liður í opinberri stefnu stjórnvalda gagnvart innlendum landbúnaði. Þeir eru lagðir á til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu. Að undanfögnu hefur komið fram að unnt sé að lækka matarreikning heimila um verulegar fjárhæðir verði tollar og vörugjöld lækkuð eða afnumin með öllu enda er svokallaður markaðsstuðningur við landbúnað talinn í milljörðum ár hvert. Þessi stuðningur er ekki greiddur úr ríkissjóði heldur beint af neytendum að verulegu leyti og kemur fram í hærra vöruverði.

Það hefur sýnt sig að alþjóðlegir samningar um aukið tollfrelsi á landbúnaðarafurðum hafa leitt til grósku í íslenskum landbúnaði samhliða lækkun á verði og aukinni neyslu á innlendum afurðum. Nú standa yfir viðræður fulltrúa íslenskra stjórnvalda við fulltrúa ESB um aukinn gagnkvæman út/innflutning á landbúnaðarafurðum. Mikilvægt er að þær viðræður skili tilætluðum árangri til að ná fram lægra vöruverði og aukinni framleiðni í framleiðslu á og úr landbúnaðarvörum.

Tollvernd á flestum landbúnaðarvörum er verulega há. Tollvernd á alifuglakjöti er tæplega 50% og á svínakjöti og unnum kjötvörum er verndin rúmlega 30%. Í þessu ljósi telja samtökin eðlilegt að í yfirstandandi viðræðum við Evrópusambandið verði rætt um aukinn tollfrjálsan aðgang fyrir alifuglakjöt, svínakjöt og unnar kjötvörur hingað til lands í staðinn fyrir aukinn tollfrjálsan aðgang íslenskra landbúnaðarvara, svo sem skyr, inn á Evrópumarkað.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Um leið þarf að gæta að hagsmunum innlendra framleiðenda og hvernig unnt er að auka samkeppnishæfni þeirrar framleiðslu. Samtökin telja að unnt sé að mæta lægri tollum á innflutningi framangreindra landbúnaðarvara að hluta með framleiðslustyrkjum sem hvetji til aukinnar hagræðingar í viðkomandi greinum.

Jafnframt verður að taka til skoðunar uppboð á tollkvótum landbúnaðarvara þar sem framleiðendur geta með núverandi fyrirkomulagi keypt upp alla kvótana í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir samkeppni. Þannig missa tollkvótarnir algerlega marks og valfrelsi neytenda verður minna en ætlað var og vöruverð hærra.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands, 23. mál**

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. október sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands, 23. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með umræddri tillögu til þingsályktunar var tillaga þessi lögð fram á 141. löggjafarþingi og 143. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er hún nú endurflutt. Með vísan til þessa, og þar sem um er að ræða óbreytta tillögu frá því sem lögð var fram á 143. löggjafarþingi, ítreka SVÞ því fyrri umsögn samtakanna frá 25. október 2013 um tillögu þessa.

Að öðru leyti gera SVÞ ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu. SVÞ áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVÞ

  
Lárus M. K. Ólafsson, hdl.





VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2014

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands (23. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli ráðherra að móta viðskiptastefnu sem hafi að markmiði að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur.

Í umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar kom fram að nefndin væri einkum að leitast eftir því að fá fram afstöðu til málsins að teknu tilliti til áætlana stjórnvalda um breytingu virðisaukaskattkerfisins og afnáms vörugjalda.

Viðskiptaráð hefur þegar skilað inn umsögn til nefndarinnar um frumvarp um breytingar á virðisaukaskatti, afnám vörugjalda og hækkun barnabóta.<sup>1</sup> Í þeirri umsögn styður Viðskiptaráð við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, enda eru þær til þess fallnar að auka kaupmátt heimila og mest þeirra tekjulægstu.<sup>2</sup> Þá munu breytingarnar auka skilvirkni neysluskattkerfisins og styrkja grundvöll verðmætasköpunar héraendis. Frumvarpið er því að mati Viðskiptaráðs þýðingarmikið skref í átt að bættu fyrirkomulagi neysluskatta.

Til viðbótar við breytingar á virðisaukaskatti og vörugjöldum telur Viðskiptaráð að endurskoða þurfi tolla héraendis til að bæta fyrirkomulag neysluskatta enn frekar. Tollum fylgir hátt flækjustig í framkvæmd og kostnaðarsamt utanumhald þrátt fyrir takmarkaða tekjuöflun. Tollnúmer á Íslandi eru ríflega 12.000 talsins<sup>3</sup> og skilvirkni í framkvæmd tollkerfisins er minni en í nágrannalöndunum.<sup>4</sup> Þrátt fyrir þessa fyrirhöfn í kringum tollkerfið standa tollar undir minna en 3% af skatttekjum vegna neysluskatta.<sup>5</sup>

<sup>1</sup> Sjá umsögn Viðskiptaráðs um breytingar á neyslusköttum og barnabótum (september 2014). Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/umsogn-um-breytingar-a-neysluskottum-og-barnabotum/>

<sup>2</sup> Sjá frétt Viðskiptaráðs um áhrif fjárlagafrumvarpsins (12. október 2014). Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/frettir/rangfaerslur-um-ahrif-fjarlaga/>

<sup>3</sup> Tollskrá Tollstjóra (október 2014)


<sup>4</sup> Skýrsla Alþjóðaefnahagsráðsins (2012), „The Global Enabling Trade Report“.

<sup>5</sup> Sjá skoðun Viðskiptaráðs (desember 2012): „Neysluskattar komnir á síðasta söludag“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skidanir/1528/>

Í umsögn Viðskiptaráðs frá 6. nóvember 2013 um þingsályktunartillöguna, sem fyrst var lögð fram á 141. löggjafarþingi, benti ráðið á að alþjóðaviðskipti og samkeppni aukist eftir því sem hagkerfi eru opnari.<sup>6</sup> Háir tollar og vörugjöld einangra hins vegar hagkerfi og rýra lífskjör þegna viðkomandi ríkja. Tollar hérlendis eru tæplega þrefalt hærri en í nágrannalöndunum (mynd 1). Auk þess eru neyslustýringaráhrif þeirra tvöföld vegna mikils misræmis í skattlagningu eftir vöruflokkum. Slík neyslustýring skekkir verðmyndun, mismunar atvinnugreinum og veldur misjafnri skattbyrði á einstaklinga. Tollar eru því bæði hærri og skaðlegri hérlendis en tíðkast í nágrannaríkjunum.

#### Mynd 1

Tollar á Íslandi eru mun hærri en á öðrum Norðurlöndum, mismuna í meiri mæli og eru óskilvirkari í framkvæmd



<sup>1</sup> Meðaltal án Íslands

Heimildir: Alþjóðæfnafræðistofa; Viðskiptaráð Íslands

Mestrar tollverndar njóta landbúnaðarvörur en tollar á slíkar vörur eru um þrefalt hærri en í nágrannalöndunum. Að auki eru í gildi víðtækar innflutningstakmarkanir sem ásamt tollvernd leiða til þess að matvælaverð er herra á Íslandi en á Norðurlöndunum þrátt fyrir að laun hérlendis séu lægri.<sup>7</sup> Þeir sem hafa áhyggjur af hækkun matvælaverðs í kjölfar breytinga á virðisaukaskattkerfinu ættu því frekar að líta til tollkerfisins. Til að lækka matvöruverð er engin ein aðgerð jafn árangursrík og að draga úr þeirri innflutningsvernd sem innlend búvöruframleiðsla nýtur. Það má gera með því að afnema innflutningstakmarkanir og lækka tolla til muna eða afnema þá að fullu.

Því hefur verið haldið fram að íslensk framleiðsla verði undir í samkeppninni verði innflutningstollar lækkaðir. Tollvernd hérlendis er hins vegar svo umfangsmikil að veruleg lækun tolla á margar vörutegundir myndi ekki gera úti um samkeppnishæfni innlendra framleiðenda, sem auk tollverndar njóta umfangsmikils stuðnings í formi niðurgreiðslna. Því er svigrúm til að draga úr tollvernd án þess að innlendir framleiðendur verði ósamkeppnishæfir við þá erlendu.


<sup>6</sup> Sjá umsögn Viðskiptaráðs um mótun viðskiptastefnu Íslands (nóvember 2013). Slóð: <http://www.vi.is/malefnastarf/umsagnir/umsogn-vidskiptastefna/>

<sup>7</sup> OECD (2014)

## Mynd 2

Flestar landbúnaðarvörur eru hagkvæmari í framleiðslu í Evrópu og lækkun tolla myndi gera framleiðendum þeirra kleift að keppa á íslenskum markaði

### Verð á matvælum í Evrópu Hlutfall af innlendu verði<sup>1</sup> (2012)



<sup>1</sup> Heildsöluverð í Evrópu með og án innflutningstolla sem hlutfall af innlendu heildsöluverði

<sup>2</sup> Miðað er við að tollar á landbúnaðarvörur séu lækkaðir svo erlent heildsöluverð að viðbættum innflutningstollum verði jafnt innlendu heildsöluverði. Miðað er við að tollar á iðnaðarvörur séu aflagðir.

Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi; Viðskiptaráð Íslands

Á mynd 2 má sjá þá lækkun tolla sem möguleg er án þess að innlendir framleiðendur beri skarðan hlut frá borði. Unnt er að afnema tolla á lambakjöt, draga úr tollum á nautahakk um 42%, nautavöðva um 32%, smjör um 85%, ost um 32% og mjólkurduft um 40%. Slík lækkun myndi veita innlendum framleiðendum aðhald frá aðþjóðlegri samkeppni án þess að gera þá ósamkeppnishæfa.

Viðskiptaráð telur þó að samfélagsleg rök fyrir verndun innlendra framleiðenda eigi ekki við um ræktun svína- og alifugla til manneldis. Í slíkri starfsemi er að mestum hluta notast við innflutt fóður og er hún oft staðsett í eða við þéttbýli. Viðskiptaráð leggur því til að tollar á svína- og alifuglakjöt séu aflagðir að fullu. Af mynd 2 má ráða að slík breyting myndi lækka matvælaverð í þeim vöruflokkum um 25-50%.

Að mati Viðskiptaráðs er einhliða lækkun innflutningstolla hagkvæmari leið en gagnkvæm lækkun tolla í gegnum fríverslunarsamninga. Einhliða lækkun gerir almenningi samstundis kleift að njóta ávinnings af auknum alþjóðaviðskiptum í formi lægra vöruverðs og aukins vöruúrvals. Þá er það mat ráðsins að slík aðgerð skaði ekki samningsstöðu Íslands við gerð fríverslunarsamninga síðar meir. Nýja-Sjáland er gott dæmi um árangur þessarar leiðar. Þar voru innflutningstollar einhliða lækkaðir og innflutningstakmarkanir afnumdar á níunda áratugnum. Frá þeim tíma hafa stjórnvöld gert fjölmarga fríverslunarsamninga við önnur ríki og ríkjasambönd. Í þeim samningaviðræðum hafa stjórnvöld Nýja-Sjálands bent á eigin niðurfellingu sem röksemdafærslu fyrir því að viðskiptalönd þeirra ættu að gera slíkt hið sama.

Viðskiptaráð tekur undir markmið þingsályktunartillögunnar og telur mikilvægt að fyrirkomulag neysluskatta hélendis sé endurskoðað. Það er von ráðsins að horft verði til ofangreindra tillagna við næstu skref í þeirri vinnu.

**Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.**

Virðingarfyllt,



---

Marta Guðrún Blöndal  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands